

ÁSKRIFT
AÐ STRÆTÓ

NÝJUNGAR Í STRÆTÓ-APPINU

frá og með nóvember 2015



Strætó-appið er komið til að vera enda hafa viðtökurnar farið fram úr björtustu vonum.

Fólk tekur því fegins hendi að geta keypt sér far með strætó í snjallsímanum. Þessi góðu viðbrögð eru okkur hvatning til að halda áfram að þróa appið svo það gagnist sem flestum sem best.

Fyrr í haust hófum við sölu á afsláttarfar-gjöldum fyrir börn, ungmenni, aldraða og öryrkja í appinu. Nú bætum við um betur og komum til móts við þá farþega sem daglega nýta sér strætisvagninn til að komast ferða sinna.

Nú stendur til að bjóða farþegum á höfuðborgarsvæðinu að kaupa mánaðarkort eða fasta áskrift að Strætó með appinu. Við erum stolt af því að kynna skjótvirka, þægilega og hagkvæma leið til að kaupa far með strætó.




strætó.is

NÝJASTA NÝTT



1



2



3

Áskrift að Strætó

Ný uppfærsla á Strætó-appinu opnar nýja möguleika á að kaupa sér far í snjallsímanum. Áskrift að Strætó er handhæg aðferð til að komast leiðar sinnar frá degi til dags.

1 Áskrift að Strætó gildir á höfuðborgarsvæðinu að lágmarki í mánuð, en einnig er hægt að „skrá sig í áskrift“ og fá þriðja hvern mánuð frían.

2 Snjallsími strætófarþega virkar þar með eins og mánaðarkort, þriggja mánaða kort, níu mánaða kort eða bara ótímabundið — allt eftir því hversu lengi áskriftin er í gildi.

Með áskrift að Strætó er aðeins greitt fyrir einn mánuð í senn. Afslátturinn er álíka og fæst með tímabilskort. En með áskrift þarf ekki að greiða marga mánuði fram í tímann.

Það er einfalt að skrá sig í áskrift og jafn auðvelt að segja henni upp. Eins og annað í appinu þá er þjónustan hönnuð til að einfalda og auðvelda farþegum okkar að komast leiðar sinnar.

ÁSKRIFT AÐ STRÆTÓ



4



5



6

Hvað breytist?

3 Upphafsskjár Strætó-appsins heilsar farþegum með fleiri möguleikum. ÁSKRIFT bætist við á valrönd.

4 ÁSKRIFT býður tvo kosti. Annars vegar er hægt að kaupa ÁSKRIFT að Strætó þar sem þriðji hver mánuður er frír. Hins vegar er hægt að velja 1 MÁNUÐ (sem hægt er að breyta í áskrift hvenær sem er og fá þar með aukinn afslátt af hverri ferð með frímánuði).

50% afsláttur fyrir börn, ungmenni, aldraða og öryrkja

5 Fyrr í haust kynntum við afslátt af snjallmiðum fyrir börn, ungmenni, aldraða og öryrkja á höfuðborgarsvæðinu. Strætó-appið varð með því hentugur kostur fyrir farþega sem notið hafa afsláttarkjara. Nú geta þeir einnig sparað sér sporin og nýtt símann sinn til að ganga frá kaupunum.

6 Afsláttarfargjöldin ættu jafnframt að vera til hagsbóta fyrir t.d. forelda sem vilja senda snjallmiða í síma barna sinna. Nú er helmingi hagkvæmara fyrir þá að skutla farinu símléiðis og draga úr kostnaðinum við eilíft skutl milli hverfa borgarinnar.

KYNNINGARSTARFIÐ


Næstu misseri munum við leggja allt kapp á að kynna sem flestum nýja uppfærslu Strætó-appsins.

Við byrjum á að kynna vagnstjórum og öðru starfsfólki þessar nýjungar með upplýsingum í tölvupósti, á upplýsingaskjáum á starfsstöðvum okkar og jafnvel skemmtilegum uppátækjum. Og svo auðvitað líka með þessum bæklingi sem þú ert að lesa núna.

Þessum nýjungum verður síðan fylgt eftir á nýju ári með skilaboðum á strætó.is, utan á strætisvögnum okkar, innan í vögnum og skilaboðum á helstu samskiptamiðlum.

Næstu skref í appinu

Á næstunni er ætlunin að bjóða fleiri áskriftarleiðir til sölu í Strætó-appinu, t.d. Nema kort og Samgöngukort. Auk þess bætist við að hægt verður að nýta appið til að kaupa sér far utan höfuðborgarsvæðisins. Ofan á þetta bætist endurnýjun á leitarvél, samþætting appsins við heimasíðu strætó og fleiri lausnir og nýjungar eru í kortunum sem við hlökkum til að kynna betur þegar að því kemur.



strætó.is